

Mál og málnotkun í fræðitextum

Mál og stíll – skiptir þetta máli?

- Fæðilegar ritgerðir eiga að vekja traust lesandans
- Þess vegna eru gerðar margvíslegar kröfur um mál og stíll slíkra ritgerða
 - rétt stafsetning
 - erlend fræðiorð þýdd á íslensku
 - formlegt og vandað málsnið
 - engar slettur
 - forðast talmálsstíll
 - hnitmiðað orðalag
 - rétt farið með föst orðasambönd

Málsnið

- Málnotkun stjórnast að miklu leyti af aðstæðum.
- Hverjum aðstæðum hæfir ákveðið málsnið.
- Sérhver einstaklingur hefur á valdi sínu fleiri en eitt málsnið og velur þannig mál eftir aðstæðum.
 - Mér fellur tónlist Mozarts ákaflega vel í geð.
 - Mér finnst Mozart æðislegur.

Ritmál og talmál – dæmi

- Ritmál

- knattspyrna
- kylfingur
- tölvupóstur
- myndband
- nú á dögum
- allt í lagi
- bjarga
- ölvun

- Talmál

- fótbolti
- golfari
- e-mail
- vídeó
- í dag
- ókei
- redda
- fyllerí

Algeng orðasambönd

- Rétt útgáfa

- oft og tíðum
- taka djúpt í árinna
- heltast úr lestinni
- heilu og höldnu
- kveðja sér hljóðs
- þar getur að líta

Röng útgáfa

- oft á tíðum
- taka djúpt í árina
- hellast úr lestinni
- heilu á höldnu
- kveða sér hljóðs
- þar gefur að líta

Útlend orð

- Sá sem skrifar fræðilegan texta á íslensku á að leitast við að nota íslensk fræðiorð, ekki útlend.
- Nýta íðorðasöfn (sjá síðar).
- Kanna hvernig fræðimenn nota orðin.
- Stundum þarf þó höfundur sjálfur að þýða hugtök sem eru ný eða nýleg.
- Erlenda orðið má setja innan sviga ef höfundur er ekki viss um að lesandinn skilji íslenska orðið.

Hlutlægni

- Í fræðilegum ritgerðum þarf að gæta að hlutlægni í orðavali
 - varist huglæg lýsingarorð
 - skemmtilegur, fyndinn, vanhæfur
 - varist gildishlaðin orð (sem geta t.d. falið í sér dylgjur og fordóma)
 - illmenni, skrudda, garmur

Hnitmiðað orðalag

- Notum oft mörg orð sem eru óþörf í setningum, þ.e. þau bæta engu við inntakið og setningar eru tækar án þeirra.
- Í eftirfarandi dæmum væri t.d. hægt að sleppa því sem er í sviga:
 - betri (heldur) en...
 - ef (að) einhver vill (þá) skal...
 - fyrir 100 árum (síðan)
 - (þeim) Jóni og Sigu finnst...
 - mætir andstöðu (meðal) flestra...
 - koma í veg fyrir (þann möguleika) að...

Hvað er til ráða?

- Miklu einfaldara en áður að ganga úr skugga um að málnotkun sé rétt.
- Notum þau hjálpargögn sem standa til boða, jafnvel þó að við séum nokkuð viss um að við höfum rétt fyrir okkur.
- Að fletta upp verður smám saman vani sem tekur örstutta stund og eykur gæði ritgerða.

Snara.is

- Fjöldi uppflettirita í opnum aðgangi á HÍ-netinu.
- Kannist hvaða rit eru í grunninum.
- Lærist hvernig á að nota helstu rit um íslenskt mál:
 - Íslensk orðabók
 - Íslensk samheitaorðabók
 - Stóra orðabókin um íslenska málnotkun
 - Mergur málsins

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

- bin.arnastofnun.is
- Hægt að slá inn hefðbundinni uppflettimynd orðs
- Hægt að haka í reitinn „Leita að beygingarmynd“ og slá inn hvaða orðmynd sem er
- Stundum birtast athugasemdir fyrir ofan beygingardæmi sem leiðbeina frekar, t.d. ef val er um tvær ólíkar beygingar.

Ritreglur

- Stafsetningarorðabókin á Snöru gefur stafsetningu en ekki reglur.
- Ritreglur eru þó aftast í prentaðri gerð Stafsetningarorðabókarinnar.
- Reglur um greinamerki einnig mikilvæg.
- Ritreglurnar eru aðgengilegar með lýsandi dæmum.
- <http://www.arnastofnun.is/page/ritreglur>

Annað nýtilegt

- Málfarsbankinn – svör við algengum spurningum og álitamálum
 - http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_malfarsbankinn
 - Kemur þó ekki staðinn fyrir bókina *Handbók um íslensku* sem er virkilega gagnleg
- Orðasambandaskrá
 - http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ordasambond
- Íðorðabanki – safn sérhæfðra fræðiorða
 - <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>

Fleira nýtilegt

- ISLEX – íslensk – sænsk/norsk/dönsk orðabók
– <http://islex.is/>
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans – orðasafn frá 1540 til nútímans með notkunardæmum.
– http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn

Í lokin

- Lesið yfir
 - Er mikið um talmálsorð?
 - Notum við sömu orðin aftur og aftur?
 - Tókum við ástfóstri við eitthvert orðasamband?
 - Eru mörg orð sem eru óþörf í setningum?
- Í stórum ritgerðum látum við aðra lesa yfir líka.